

fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 15% árs-
vöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 635.000.00 í
málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að
viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. mars 1980.

Nr. 62/1978. **Daníel Friðriksson**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jóns-
son og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30.
mars 1978. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að
greiða sér 131.227 krónur með 18% ársvöxtum frá 16. sept-
ember 1976 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báð-
um dómum. Áfrýjandi fékk íslenskan ríkisborgararétt með
lögum nr. 39/1977, og eftir það breyttist nafn hans úr Dieter
Meyer í Daníel Friðriksson.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar
fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að áfrýjandi fékk greitt kaup með
30% yfirborgun á hinn almenna, umsamda kauptaxta járn-
iðnaðarmanna á þeim tíma, er hann fékk námskeiðsskírteini
frá Fræðslunefnd málmiðnaðarins 23. desember 1974. Var
það 20% yfirborgun á kaup í samræmi við yfirlýsingu, sem
fylgdi kjarasamningi 27. febrúar 1974 og aðiljar eru sam-
mála um, að ekki hafi mátt skerða, og sérstök 10% yfirborg-

un, sem stefndi hafði síðar fallist á að greiða starfsmönnum sínum.

Eftir að áfrýjandi fékk námskeiðsskírteini sitt, hækkaði kaup hans ekki. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi þá gert áfrýjanda grein fyrir því, að framvegis mundi hann greiða honum 10% námskeiðsálag, en fella jafnframt niður hina sérstöku yfirborgun. Þegar af þessari ástæðu ber að taka kröfur áfrýjanda til greina, en þær hafa ekki sætt andmælum tölulega. Vextir verða þó aðeins dæmdir 13% á ári frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% á ári frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 18% á ári frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Meðferð máls þessa var með þeim hætti í héraði, að aðfinnsluvert er í þessum atriðum:

Af hálfu aðilja hafa verið lögð fram skjöl, sem hafa að geyma skriflegan málflutning.

Lagt hefur verið fram endurrit bókana um annað mál á dómþingi bæjarþings Hafnarfjarðar 17. maí 1977. Kom þá Guðjón Jónsson, formaður Félags járníðnaðarmanna, fyrir dóm til skýrslugjafar, en það, sem fram kom, var að verulegu leyti munnlegur málflutningur. Á dómþingi 6. október 1977 voru Guðjón Jónsson og Guðjón Tómasson, framkvæmdastjóri Sambands málm- og skipasmiðja. Kom hinn síðarnefndi fyrst fyrir dóm til skýrslugjafar, en það, sem hann sagði, var að verulegu leyti munnlegur málflutningur, og að auki kom til orðaskipta fyrir dómi milli hans og Guðjóns Jónssonar með þeim hætti, að ekki á við á dómþingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vélsmiðja Hafnarfjarðar h/f, greiði áfrýjanda, Daníel Friðrikssyni, 131.227 krónur með 13% ársvöxtum frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og

18% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 16. febrúar 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. þ. m., hefur Dieter Meyer, Langeyrarvegi 15, Hafnarfirði, (lögm. Egill Sigurgeirsson hrl.) höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 15. nóvember 1976, til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 131.227 ásamt 18% ársvöxtum frá 16. september 1976 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu á hendur Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f, Hafnarfirði (lögm. Guðjón Steingrímsson hrl.).

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, en til vara lækunar á vaxtafæti.

II.

Stefnandi, Dieter Meyer, er sveinn í járnsmíði og starfsmaður stefnda, Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f. Stefnukrafan í máli þessu er kaupkrafa, og er deila málsaðilja sprottin af því, að ágreiningur er um skyldu stefnda til að greiða stefnanda fjárhæð, er nemur 10% á grunnkaup stefnanda fyrir tímabilið 1. janúar 1975 til 16. september 1976, en útreikningur kaufeftirstöðva er miðaður við þann dag. Af hálfu stefnanda eru þessar kaufeftirstöðvar taldar svonefnt 10% námskeiðsálag, en stefndi telur sig hafa greitt námskeiðsálag að fullu.

Í stefnu er grundvelli málssóknarinnar svo lýst:

„Í kjarasamningum járníðnaðarmanna, sem stefndi er aðili að, segir svo í 10. gr.: „Þeim sveinum, sem sótt hafa 60 kennslustunda námskeið (kennslustund 45 mín.) til að auka verkþekkingu og vinnuhæfni sína, skal greiða 10% álag á hverja vinnustund, samkvæmt samningi þessum.“ Ekki er ágreiningsefni í málinu, að námskeiðsálag er 10% á grunnkaup með vísitölu. Stefndi hefir verið ófánlegur til að greiða skuld þessa.“

Í skriflegri aðiljayfirlýsingu framkvæmdastjóra stefnda segir m. a.:

„Ekki er dreginn í efa réttur starfsmanna, sem lokið hafa framhaldsnámskeiði fyrir sveina, til 10% viðbótarlauna við um-samið lágmarkskaup. Hins vegar þarf slíkt námskeið ekki að sama skapi að gilda við mat atvinnurekanda á viðkomandi starfs-manni til hærri launa heldur en samningar kveða á um.“

Samkvæmt þessu telur stefndi, að sér hafi verið heimilt að lækka yfirborgun til stefnanda, er hann ávann sér rétt til nám-skeiðsálags, þannig að heildarlaun yrðu hin sömu. Þessu hefur stefnandi mótmælt og vitnað til svofellds ákvæðis í kjarasamn-ingi málmíðnaðarmanna, er gildi frá 27. febrúar 1974 til 13. júní 1975:

„Vinnuveitendur í Málm- og skipasmíði lýsa því yfir, að yfir-greiðslur til meðlima sveinafélaganna í málm- og skipasmíði, sem aðilar eru að kjarasamningum, dagsettum í dag, eins og þær voru 19. febrúar 1974, skuli haldið óbreyttum og greiðast á útborgað kaup á samningstímabilinu, því sem nú er að hefjast.“

Þetta samningsákvæði var endurnýjað orðrétt (viðmiðunar-dagur áfram 19. febrúar 1974) með samningi, er gildi frá 13. júní 1975 til 1. mars 1976, og aftur með samningi, er gildi frá 1. mars 1976 til 25. júní 1977.

III.

Helstu þættir í launataxta málmíðnaðarmanna á því tímabili, sem hér um ræðir, voru:

1. GRUNNKAUP
2. ÁLÖG (er reiknast sem prósentutala á grunnkaup)
Meðal þeirra eru:
 - a) Óprifaálag 10%
 - b) Námskeiðsálag 10%
3. YFIRBORGANIR
4. VÍSITALA

Það kemur fram bæði í kjarasamningi og taxtatöflum, útgefn-um af atvinnurekendafélagi stefnda, Félagi málm- og skipa-smíðja, svo og í aðiljaskýrslum, að *álag* hefur aðra merkingu en *yfirborgun*. Álög eru bundin í kjarasamningi. Í kjarasamningun-um er tæmandi skilgreint, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi, til þess að álag beri að greiða, og enn fremur, hversu mörg % viðkomandi tiltekið álag sé á grunnkaup. Yfirborgun er hins vegar notuð um annan kaupauka, er byggist upphaflega á vinnusamningi starfsmanns og atvinnurekanda.

IV.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf Sambands málm- og skipasmiðja til stefnda, dagsett 11. október 1976, þar sem m. a. segir:

„Samband málm- og skipasmiðja og Vinnuveitendasamband Íslands hafa haft til umfjöllunar kröfu Félags járnmiðnaðarmanna samkvæmt bréfi hr. hrl. Egils Sigurgeirssonar, dagsettu 28. september 1976.

Samtökin vilja í þessu sambandi taka eftirfarandi fram:

1. Að í kjarasamningnum eru tvö atriði, sem eru ákvarðandi um laun þeirra manna, sem sótt hafa framhaldsnámskeið málmmiðnaðarmanna. Annarsvegar er, að þeir, sem lokið hafa umræddu framhaldsnámskeiði . . . skulu fá 10% álag á hverja vinnustund samkvæmt gjaldandi kjarasamningi. (Álag þetta er krónutöluálag, sem reiknast af grunnkaupi að viðbætti vísitölu). Hins vegar er um að ræða yfirlýsingu um yfirborganir, þar sem segir, að yfirgreiðslur til félagsmanna sveinafélags Málm- og skipasmiðjasambands Íslands, sem eru aðilar að gildandi kjarasamningi, eins og þær voru 19. febrúar 1974, skuli haldið óbreyttum og greiddast á útborgað kaup.

Þetta þýðir, að lágmarkslaun sveins, sem lokið hefur námskeiði . . . eru lágmarkslaun samkvæmt gildandi kjarasamningi að viðbættu námskeiðsálagi fyrir þá sveina, sem hefja störf eða ljúka sveinsprófi eftir 19. febrúar 1974.

Fyrir þá sveina, sem voru í starfi 19. febrúar 1974 og eru enn í starfi (óslitið ráðningartímabil) og lokið hafa framhaldsnámskeiði, verða lágmarkslaun þeirra sem hér segir:

Lágmarkslaun samkvæmt gjaldandi kjarasamningi að viðbætti þeirri yfirborgun, sem þeir höfðu 19. febrúar 1974 og námskeiðsálagi.

Dæmi:

Hafi sveinn t. d. haft 15% yfirborgun 19. febrúar 1974, og hefur lokið framhaldsnámskeiði, þá skal lágmarkskaup hans ekki vera lægra en sveinakaup með 15% námskeiðsálagi.

2. Hafi sveinn hins vegar ráðið sig til starfa, eftir að hann lauk námskeiði . . . þá má lágmarkskaup hans ekki vera lægra en lágmarkskaup samkvæmt gildandi kjarasamningi að viðbættu námskeiðsálagi . . .“

V.

Óumdeilt er í málinu, eftir því sem lögmenn lögðu það fyrir við dómtöku eftir ítarlegar spurningar dómarans um það, hvað væri ágreiningslaust:

1. Að stefnandi hóf störf hjá stefnda 31. júlí 1972 og hefur starfað þar síðan.
2. Að stefnandi hafði 20% yfirborgun 19. febrúar 1974.
3. Að stefnandi öðlaðist rétt til námskeiðsálags um áramótin 1974—1975 (námskeiðsskírteini útgefið 25. 12. 1974).
4. Að heildar kaupauki stefnanda hækkaði ekki, er hann öðlaðist rétt til námskeiðsálags 1. janúar 1975.
5. Að heildar kaupauki stefnanda á því tímabili, sem stefnukrafan tekur til, var eigi minni en 30%.
6. Að yfirborgun, eins og hún var 19. febrúar 1974, og námskeiðsálag 10%, frá því námskeiðsskírteini er gefið út, er hvort tveggja bundið í kjarasamningi og því lágmarkskjör skv. 7. gr. laga nr. 80/1938 og 1. gr. laga nr. 9/1974, en yfirborgun umfram það, er atriði, sem launþegi og vinnuveitandi semja um sín á milli í vinnusamningi.

Samkvæmt þessu liggur það því fyrir, að kaupauki stefnanda á því tímabili, sem stefnukrafan tekur til, var eigi minni en lágmarkskjör, þ. e. $20\% + 10\% = 30\%$, svo og að yfirborgun stefnanda lækkaði um 10%, þegar stefnandi ávann sér rétt til námskeiðsálags, enda var heildar kaupauki hans óbreyttur þrátt fyrir námskeiðið.

Stefndi hefur á því byggt í málinu, að sér hafi verið heimilt að skerða einhliða og án uppsagnar yfirborgun þá, sem hér um ræðir.

Til vara hefur stefndi talið, að sér hafi verið heimilt að segja upp með lökmæltum og kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti, vinnusamningi aðilja, þ. e. þeim þætti, er að yfirborgun laut.

Á fyrrnefndu málsástæðuna verður eigi fallist. Það er álit dómsins, að stefnda hafi verið með öllu óheimilt að lækka umsamda yfirborgun einhliða og gegn eindregnum mótmælum stefnanda og það á miðju gildistímabili kjarasamnings. Á hitt má fallast með stefnda, að honum hafi verið heimilt að segja yfirborguninni upp með lögmæltum uppsagnarfresti, sem óumdeilt er, að var einn mánuður miðað við mánaðamót.

Samkvæmt framburði aðilja sýndi stefnandi framkvæmdastjóra stefnda námskeiðsskírteini sitt, þegar er hann fékk það í hendur í janúarmánuði 1975, og krafðist greiðslu námskeiðs-

álags til viðbótar fyrra kaupi. Framkvæmdastjórinn synjaði þessu þegar í stað og gerði stefnanda ljóst, að hann teldi „sig ekki þurfa að borga þetta“, eins og segir í aðiljaskýrslu stefnanda. Telja verður, að eins og atvikum var háttað, þá hafi falist fullnægjandi uppsögn í ofangreindum ummælum framkvæmdastjórans, en samkvæmt kjarasamningi málsaðilja frá 27. febrúar 1974, er þá var í gildi, gr. 4.2., var uppsagnarfrestur stefnanda 1 mánuður miðað við mánaðamót. Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda fyrir janúar- og febrúarmánuði 1975 þá skerðingu, er stefnandi varð fyrir á þáverandi yfirborgun sinni um áramótin 1975, er honum bættist réttur til námskeiðsálags.

Umboðsmenn aðilja lýstu því yfir við dómtöku, að ekki væri tölulegur ágreiningur um, að 10% kaupauki stefnanda fyrir janúar og febrúar 1975 mundi nema sem næst kr. 5.000 á mánuði, eða samtals kr. 10.000 fyrir þessa tvo mánuði, og verður það sú fjárhæð, sem stefnda ber samkvæmt framansögðum úrslitum málsins að greiða.

Málkostnaður ákveðst kr. 50.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðja Hafnarfjarðar h/f, greiði stefnanda, Dieter Meyer, kr. 10.000 með 13% ársvöxtum frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 50.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.